
Breytt matvælafrumvarp lagt fram á Alþingi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Frumvarp þetta er jafnan kallað matvælafrumvarpið. Meginbreytingarnar frá fyrra frumvarpi felast í að styrkja sjúkdómavarnir í tengslum við innflutning á fersku kjöti.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir að leitast hafi verið við að taka mikið tillit til sjónarmiða landbúnaðarins og markmiðið sé ekki hvað síst að varðveita samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar samhliða því að tryggja hag neytenda. „Auk stífari heilbrigðiskrafna hefur verið dregið úr starfsleyfis skyldum og þannig er þess freistað að draga úr kostnaði bænda og afurðastöðva. Auk þess sem einnig er liðkað til hvað snertir dýralæknabjónustu. Ég tel því að frumvarpið sé mjög vel samrýmanlegt hagsmunum íslensks landbúnaðar enda hefði ég aldrei lagt það fram að öðrum kosti.“

Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra skylt að gefa út reglugerð til að koma í veg fyrir markaðssetningu matvæla sem geta valdið matarsýkingum. Verður þar lögð til grundvallar reglugerð frá árinu 2002 þar sem rík áhersla er á sýnatöku og óheimilt með öllu að setja á markað ófrosna alifugla ef fundist hefur í þeim kamfýlóbakter.

Helstu breytingar nýja frumvarpsins

- Kveðið er fastar á um skyldur ráðherra, eftirlitsaðila og stjórnenda matvælafyrirtækja til að koma í veg fyrir að matvæli sem geta valdið matarsýkingum komist á markað. Í þessu skyni er m.a. sett inn nýtt ákvæði sem leggur þá skyldu á ráðherra að setja reglugerð um ráðstafanir sem gera skal til að fyrirbyggja markaðssetningu slíkra matvæla. Þetta varðar ekki síst ráðstafanir til að forða því að matvæli smituð kamfýlóbakter verði boðin hér á markaði og því er m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra framfylgi áfram efnislega reglugerð nr. 688/2002 sem fjallar um slátrun og markaðssetningu alifugla.
- Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskilinni slíkri starfsemi í smásöluverslun. Jafnframt er gert ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa sinnt eftirliti vegna ofangreindrar starfsemi, nema þegar kjötvinnsla er tengd slátruhúsi, þá er hún undir eftirliti Matvælastofnunar. Stofnunin hefur einnig eftirlit með mjólkurstöðvum vegna útflutnings. Þessar breytingar eru til að samræma betur eftirlitið og einfalda það.
- Skipan umdæma héraðsdýralækna er óbreytt frá fyrra frumvarpi, og fækkar umdæmunum úr 14 í 6. Nú er sett inn ákvæði til bráðabirgða sem heimilar

ráðherra að ákveða skiptingu og fjölda umdæmanna öðruvísi fyrst um sinn og jafnframt að fela héraðsdýralækni að sinna almennri dýralæknaþjónustu tímabundið á tilteknu svæði ef nauðsyn ber til. Hvort tveggja er til að tryggja nauðsynlega þjónustu um allt land í kjölfar kerfisbreytingarinnar, en heimildirnar falla niður og almenna regla laganna gildir án undantekninga eigi síðar en frá 1. september 2013.

- Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir að leggja niður vaktþjónustu dýralækna í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafirði, Eyjafirði, Rangárvallasýslu og Árnassýslu. Frá þessu er horfið, þannig að vaktþjónusta verður veitt á landinu öllu, en svæðaskiptingu er breytt og verða vaktsvæðin 13 í stað 15.
 - Ákvæði um starfsleyfisskyldu sauðfjár- og hrossaræktar eru felld út úr frumvarpinu, en þessar búgreinar þurfa þess í stað að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Þá er heimilt skv. frumvarpinu að gefa út eitt starfsleyfi enda þótt starfsleyfiskyldan byggi á fleiri en einum lögum. Þetta er hvort tveggja gert til einföldunar og að draga úr skriffinnsku.
- Skilgreining reglugerða ESB um áhættugreiningu er tekin upp í frumvarpið og áhersla lögð á að matvælaeftirlit skuli byggja á áhættugreiningu og áhættumati. Ráðherra skal skipa ráðgefandi nefnd sem vinna skal að áhættumati á hlutlausan hátt. Sama á við um fódureftirlit.

Ekki er gerð breyting á frumvarpinu á fyrirkomulaginu varðandi skoðunarstofur. Hugmyndin er h.v. sú að fela Matvælastofnun að semja við skoðunarstofur þannig að þær muni áfram sinna skoðunarhlutverki.

Í samræmi við fyrri ákvarðanir

Þann 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES samninginn.

Ofangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni þann 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lagafrumvarpið nú kveður á um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna ofangreindra breytinga á EES samningnum og innleiðingar ofangreindrar EES löggjafar um matvæli og fóður.

Meginatriði frumvarpsins

Endurskoðun á undanþágu frá I. kafla í viðauka I við EES samninginn felur í sér meðal annars eftirfarandi:

1. Frelsi til innflutnings búfjárafurða mun aukast. Búfjárafurðir þ.e. kjöt, mjólk og egg fá sömu lagalegu stöðu hvað heilbrigðisreglur varðar og fiskur og fiskafurðir hafa haft. Hluti þeirra vörutegunda sem áður hefur verið óheimilt að flytja til landsins eða einungis er heimilt að flytja inn með sérstakri heimild, mun verða heimilaður á grundvelli heilbrigðiskrafna EES-löggjafar. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verður Ísland hluti af innri markaði ESB hvað matvæli varðar, en ekki þriðja ríki eins og hingað til hefur verið. Settar verða

- upp landamæraströðvar vegna kjötafurða, eggja og mjólkurvara eins og gert hefur verið með fisk.
2. Á Íslandi verður áfram heimilt að fæða búfé með fiskimjöli þrátt fyrir gildandi bann þess efnis innan ESB.
 3. Ekki verður þörf á að fjarlægja áhættuvefi við slátrun þar sem Ísland er laust við kúariðu.
 4. Ísland getur áfram bannað innflutning á beina- og kjötmjöli.
 5. Ísland þarf að innleiða sérstakar reglur sem varða líflömb á bæi þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu.
 6. Ekki er gert ráð fyrir að reglur um dýravernd verði teknar yfir, nema hvað varðar aðbúnað og aðferðir við slátrun dýra.
 7. Ekki er vikið frá banni Íslands á innflutningi lifandi dýra þar sem enn eru talin standa rök til slíks banns á grundvelli heilbrigðisástandna.
 8. Breytingin hefur engin áhrif á tollvernd fyrir landbúnaðarafurðir.

Átján mánaða aðlögunartími vegna landbúnaðarins - sótt um viðbótartryggingar

Íslensk yfirvöld hafa 18. mánaða aðlögunartíma til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um landbúnaðarafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þessi aðlögunartími byrjar þegar stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt vegna umræddra ákvarðanna sameiginlegu EES nefndarinnar. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga ýmis stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og breyta lagaframkvæmd. Unnið er að því að fá svokallaðar „viðbótartryggingar“ vegna salmonellu, sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að takmarka má tiltekinn innflutning til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekins sjúkdóms. Jafnframt verða settar reglugerðir sem koma eiga í veg fyrir markaðssetningu erlends kjöt jafnt sem innlends, sem smitað er af kamfýlóbakter.

Löggjöf Evrópusambandsins um matvæli og fæður

Uptaka löggjafar ESB um matvæli og fæður inn í EES samninginn byggir á reglugerð EB nr. 178/2002. Með reglugerðinni voru settar heildarreglur um fæðuöryggi frá frumframleiðslu til markaðssetningar matvæla og var einnig kveðið á um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA). EFSA er ætlað mikilvægt hlutverk, m.a. að gefa út vísindaleg álit og áhættumat um allt er varðar matvæli og heilbrigði dýra.

Með reglugerðinni er leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. Gildir reglugerðin á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og fæðurs. Lögd er áhersla á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum „frá hafi og haga til maga“. Skulu sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram.

Rýmri reglur vegna dýralækna

Settar hafa verið ítarlegar reglur um hollustuhætti í fóður- og matvælastarfsemi auk eftirlitsreglna sem byggja á ofangreindri reglugerð EB nr. 178 /2002. Í frumvarpinu er óskað eftir heimild handa ráðherra til að innleiða reglugerð EB nr. 178/2002 auk afleiddra gerða ESB á þessu sviði.

Upptaka matvælalöggjafar ESB leiðir meðal annars af sér að héraðsdýralæknar mega einungis sinna opinberu eftirliti en ekki almennri dýralæknaþjónustu, eins og verið hefur. Jafnfamt mun umdæmum héraðsdýralækna fækka úr 14 í 6 og munu þau stækka sem því nemur. Þó er gert ráð fyrir tímabundnum undanþágum til að tryggja sem besta dýralæknaþjónustu eftir kerfisbreytinguna.

Gert er ráð fyrir því að löggjöf ESB um fóður muni nú gilda um fiskimjöl, en lög nr. 55/1998 um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða hafa gilt um þessa afurð. Matvælastofnun mun nú fá heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits. Þetta er breyting frá því sem nú er þar sem núgildandi lög fela í sér samningsskyldu framleiðanda sjávarafurða við tiltekna skoðunarstofu um eftirlit.

Gert er ráð fyrir að matvælalöggjöf ESB taki gildi hérlendis 1. mars 2009, enda verði Alþingi búið að samþykkja frumvarpið fyrir þann tíma. Efnisákvæði sem varða búfjárafurðir taka þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2010.

Frumvarpið er að finna [hér](#).